

Eignum stofnunarinnar skal þá varið til starfsemi í þágu hjarta- og lungnasjúklinga eftir ákvörðun meirihluta fulltrúaráðsins.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 15. nóvember 1988.

F.h. Hjartaverndar

Karl Friðrik Kristjánsson

Stefán Júlíusson

F.h. Landssamtaka hjartasjúklinga

Ingólfur Viktorsson

Haraldur Steinþórsson

F.h. Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga

Hjörtur Ólafur Hallgrímsson

Davíð Gíslason

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Þórarins Sigurðssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 8. desember 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Þórarins Sigurðssonar.

Steinunn Sigurðardóttir, Kleppsvegi 118, Reykjavík, stofnar þennan sjóð til minningar um bróður sinn, Þórarinn Sigurðsson, sem var fyrsti vistmaðurinn sem kom inn á Kópavogshæli, 13. desember 1952, og lést þar 10. apríl 1988.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Þórarins Sigurðssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000,00 er haldast skal óskert.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxta ef unnt er í verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs eða á annan jafntryggan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé.

20% af árlegum nettótekjum sjóðsins (þ.e. brúttótekjur að fráðregnum stjórnunarkostnaði) skal lagt við höfuðstól.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vistfólk á Kópavogshæli og vistheimilið sjálft í heild eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni. Skal til þess varið 80% af nettótekjum sjóðsins, sbr. 3. gr.

Útborgun styrkja skal fara fram árlega þann 8. nóvember á afmælisdegi Þórarins heitins, í fyrsta sinn 8. nóvember 1990.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og skulu tveir þeirra vera ættingjar Þórarins heitins, þar af annar þeirra formaður sjóðsstjórnar, og einn frá Kópavogshæli.

Fyrstu stjórn sjóðsins skipa Steinunn Karlsdóttir, kt. 100346-7619, Selbrekku 17, Kópavogi, Þorbjörg Karlsdóttir, kt. 190555-4459, Kvisthaga 17, Reykjavík, og Sigurður Þorgrímsson, læknir, kt. 200944-3059, skipaður af Kópavogshæli. Þegar fyrstu stjórnarmenn sem eru ættingjar Þórarins Sigurðssonar láta af störfum, skal stjórnin velja eftirmenn þeirra úr hópi ættingja.

Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma skipar dómsmálaráðuneytið nýja stjórnarmenn.

Dómsmálaráðuneytið getur vikið stjórnarmanni frá störfum ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann gerist sekur um verknað sem að dómi dómsmálaráðuneytisins gerir hann óverðugan til að sitja áfram í stjórn sjóðsins.

Stjórnarmaður skal láta af störfum í sjóðsstjórninni í lok þess mándar er hann verður 70 ára.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum tilnefndum af sjóðsstjórn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur breytt skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 21. nóvember 1988.

Steinunn Sigurðardóttir.